

Fylgdarlaus börn á flóttu

Fylgdarlaus börn á flóttu eru börn sem koma hingað til lands án forsjáraðila sinna. Flest fylgdarlaus börn eru drengir, 12 – 17 ára, sem hafa verið mislengi á flóttu. Útlendingastofnun fer með málefni einstaklinga sem óska eftir alþjóðlegri vernd, sbr. lög um útlendinga nr. 80/2016 og gilda sérstakar reglur um meðferð mála fylgdarlausra barna. Þegar um er að ræða einstaklinga undir 18 ára gilda ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002 og ber barnaverndarþjónustum að tryggja viðeigandi úrræði, s.s. búsetu, menntun, tómstundir og fjárhagslegan stuðning.

Umsóknarferli vistforeldra

Þeir sem hafa áhuga á að gerast vistforeldrar þurfa að sækja um leyfi skv. 84. gr. barnaverndarlaga hjá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV). Sótt er um á [innri vef](#) GEV og með umsókninni þarf að fylgja læknisvottorð og samþykki fyrir öflun sakavottorðs allra heimilismeðlima eldri en 15 ára. Samþykki fyrir öflun sakavottorðs má finna [hér](#). Læknisvottorð er hægt að nálgast hjá heimilislækni/heilsugæslustöð. Þar þarf að koma fram staðfesting á heilsufari umsækjanda og hvort viðkomandi sé með langvinna sjúkdóma, líkamlega eða af geðrænum toga sem hafa áhrif á daglega virkni hans. GEV áframsendir umsóknina til barnaverndarþjónustu í heimilisumdæmi umsækjanda og óskar eftir umsögn um umsækjanda og aðstæður hans. Eftir að umsögn berst leggur GEV mat á umsóknina og tekur ákvörðun um hvort leyfi verði gefið út.

Barnaverndarþjónusta

Þegar leyfi frá GEV liggur fyrir hefur barnaverndarþjónusta heimild til að gera samning við vistforeldra um að taka að sér fylgdarlaust barn sem hingað hefur komið á flóttu. Greiðslur til vistforeldra eru samningsatriði við viðkomandi barnaverndarþjónustu. Í samvinnu við barnaverndarþjónustu mun Barna- og fjölskyldustofa halda sérhæft námskeið fyrir vistforeldra sem taka að sér fylgdarlaus börn á flóttu í þeim tilgangi að veita stuðning og fræðslu.

Hæfisskilyrði og umhverfi vistforeldra

Vistforeldrar þurfa:

- Að hafa sérherbergi til reiðu og fjölskyldan þarf að vera tilbúin að takast á við nýtt hlutverk.
- Að hafa sveigjanlegan vinnutíma, sérstaklega í upphafi dvalar.
- Að búa yfir almennri foreldrahæfni, veita góða umsjá og stuðning við barn með áföll að baki.
- Að veita barni öryggi, halda skýrum ramma og setja mörk, einnig að vera sveigjanlegir og mæta barni þar sem það er statt.
- Að sætta sig við takmarkaðar upplýsingar um bakgrunn barnsins.
- Að geta sýnt annarri menningu umburðarlyndi og virðingu.
- Að afla sér þekkingar á menningu barnsins, trú og hefðum og styðja barnið til aukins félagsþroska og aðlögunar að samfélaginu.
- Að hafa yfir að bera hæfni til að vera í góðri samvinnu við þá aðila sem koma að vinnslu máls barnsins.